



Reykjavík, 1. febrúar 2021

## Niðurstöður könnunar- og matsferlis hjá Arion banka hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) leggur mat á áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja í könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) og með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meðhöndlar þá í starfseminni, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem metin eru kerfislega mikilvæg fer slíkt mat fram árlega.

Í ferlinu er meðal annars lagt mat á viðskiptaáætlun, stjórnarhætti, útlána- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu og álagsþróf. Við mat á þessum áhættuþáttum styðst Fjármálaeftirlitið við Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum (SREP) sem byggja á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni. Þá var einnig höfð hliðsjón af ýmsum öðrum viðmiðunarreglum, þ.m.t. sameiginlegum viðmiðunarreglum EBA og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) um mat á hæfi stjórnenda og lykilstarfsmanna.

Könnunar- og matsferlið leiðir til niðurstöðu um það að hve miklu leyti þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til vegna áhættuþátta séu nægjanlegar, hvort stjórnun þess sé traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfseminni. Á grundvelli könnunar- og matsferlisins hefur Fjármálaeftirlitið meðal annars heimild til að mæla fyrir um hærra eiginfjárhlutfall en sem nemur hinu 8% lögbundna lágmarki, endurbætur á innri ferlum, niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni, hömlur eða takmörkun á starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis og að dregið sé úr áhættu sem starfsemi þess felur í sér. Þá getur Fjármálaeftirlitið komið ýmsum athugasemdum og ábendingum á framfæri í ferlinu.

Arion banki hf. skilaði Fjármálaeftirlitinu mati sínu á eiginfjárbörf, miðað við 31. desember 2019, með svokallaðri ICAAP/ILAAP-skýrslu í mars 2020. Í kjölfar móttöku skýrslunnar hófst Fjármálaeftirlitið handa við að kanna efni hennar og greina upplýsingar sem þar komu fram og afla frekari upplýsinga auk þess sem byrjað var að leggja mat á helstu áhættuþætti í starfsemi bankans. Skömmu síðar var gripið til margvíslegra sóttvarnaraðgerða hér á landi vegna COVID-19-farsóttarinnar sem standa enn yfir. Arion banka hf. var því í lok september 2020 tilkynnt um að fjármálaeftirlitsnefnd hefði á fundi sínum fyrir í sama mánuði ákveðið að niðurstaða úr könnunar- og matsferlinu 2019 um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn (stoð II-R) skyldi standa óbreytt vegna óvissu tengdri COVID-19-farsóttinni. Í bréfinu var einnig boðað að athugasemdum og ábendingum er varða lífvænleika og sjálfbærni viðskiptalíkans, stjórnarhætti, rekstraráhættu og stýringu bankans á útlánaáhættu, samþjöppunaráhættu, markaðs- og fastvaxtaáhættu og lausafjár- og fjármögnunaráhættu yrði komið á framfæri eftir því sem ástæða væri til. Í samræmi við það sendi Fjármálaeftirlitið bankanum drög að niðurstöðum könnunar- og matsferlisins í desember 2020 og fékk bankinn tækifæri til að koma á framfæri andmælum, sbr. IV. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Andmæli bankans bárust í desember 2020. Fjármálaeftirlitið hefur nú lokið könnunar- og matsferlinu og sendi Arion banka hf. bréf um niðurstöður í desember 2020.

### Viðbótarkrafa Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn Arion banka hf. (Stoð II-R)

Eins og að framan greinir, var ákveðið að niðurstaða úr könnunar- og matsferlinu 2019 um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn (stoð II-R) skyldi standa óbreytt vegna óvissu tengdri COVID-19-farsóttinni.



Heildarkrafa um eiginfjárgrunn Arion banka hf. nemur 18,4% af áhættugrunni og samanstendur af grunnkröfu um eiginfjárgrunn, viðbótarkröfu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn og samanlagðri kröfu um eiginfjáráuka, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá september 2019.<sup>1</sup>

### Athugasemdir og úrbótakröfur

Fjármálaeftirlitið kom eftirfarandi athugasemdum á framfæri við Arion banka hf. í könnunar- og matsferlinu og fór fram á viðeigandi úrbætur, sbr. b-lið 4. mgr. 86. gr. g laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki:

- Fjármálaeftirlitið gerði **athugasemd** við að ekki væri til staðar stefna og fullnægjandi skjalfest verklag um mat á hæfi stjórnarmanna bankans og framkvæmdastjóra líkt og kveðið er á um í sameiginlegum viðmiðunarreglum EBA og ESMA um mat á hæfi stjórnenda og lykilstarfsmanna. Fjármálaeftirlitið fór fram á að bankinn setti sér slíka stefnu og innleiddi viðeigandi verklag.
- Fjármálaeftirlitið gerði **athugasemd** við að bankinn hefði ekki sett sér stefnu um innra eftirlit.
- Fjármálaeftirlitið gerði **athugasemd** við að bankinn hefði ekki skilgreint áhættuþol sitt gagnvart undiráhættuþáttum rekstraráhættu sem metnir væru í áhættumötum.
- Fjármálaeftirlitið gerði **athugasemd** við að ekki væru öll líkön bankans í líkanagrunni hans.
- Fjármálaeftirlitið gerði **athugasemd** við að ábyrgð, hlutverk og aðskilnaður milli verkefna fyrstu og annarrar varnarlínu við eftirlit með rekstraráhættu væri ekki í samræmi við viðmiðunarreglur EBA um SREP. Fjármálaeftirlitið fór fram á að bankinn legði fram tímasetta áætlun um þær úrbætur á innra eftirliti með rekstraráhættu sem hann hygðist grípa til þannig að í fyrstu varnarlínu væri hægt að sinna og taka fulla ábyrgð á þeim eftirlitsaðgerðum sem þar bæri að framkvæma samkvæmt þriggja þrepa eftirlitslíkaninu.

---

<sup>1</sup> Að teknu tilliti til afléttingar sveiflujöfnunarauka í mars 2020.